

Eystrahorn



13. tbl. 39. árgangur

Miðvikudagurinn 31. mars 2021

www.eystrahorn.is

Amor blómabúð opnar

Þann 20. mars síðastliðinn opnaði blómabúðin Amor blóm og gjafavara í húsnæðinu við Hafnarbraut 34. Það má með sanni segja að það hafi aldeilis komist líf í húsnæðið síðasta hálfu árið eða svo. Veitingastaðurinn Úps opnaði síðasta haust og Berg-Spor opnaði fataverslun þar í lok nóvember, en fyrir var Handraðinn sem deilir húsnæði með Berg-Spor. Eystrahorn hafði samband við Amor Joy Pepito Mantilla og forvitnaðist aðeins um búðina sem er í eigu Amor og Bobby eiginmanns hennar.

Hvernig gengu framkvæmdir við opnun búðarinnar ?

Framkvæmdirnar gengu mjög vel að sögn Amor og náði hún að opna búðina á undan áætlun. „Það var frábært hvað þetta gekk vel, málarnir voru akkurat lausir og gátu klárað að mála og laga hjá mér, svo kom smiðurinn og kláraði að smíða kælinn og allt í einu var búðin bara strax tilbúin.“ segir Amor.

Blómabúð, afhverju ?

„Það hefur verið lengi draumur að opna blómabúð. Ég var alltaf að panta pottaplöntur frá konu sem ég þekki í Hveragerði og rekur blómaverslunina Hverablóm. Einn dag vorum við að spjalla og hún sagði við mig að



Viðtökurnar hafa verið mjög góðar að sögn Amor

ég þyrfti bara að opna blómabúð og að hún myndi senda mér fullt af vörum til að hafa í búðinni. Eftir þetta gat ég ekki hætt að hugsa um að opna mína eigin blómabúð.“ Amor fór því að leita að húsnæði og fann laust pláss á Hafnarbrautinni þar sem Handraðinn var áður. „Þetta var tækifæri sem ég mátti ekki missa af, láta drauminn rætast.“

Hvað er framundan ?

„Þetta er góð spurning, okkur langar að þjónustu Hornfirðinga og nærsveitunga um allt er varðar blóm og skreytingar og skemmtilega gjafavöru. Viðtökurnar hafa verið frábærar og erum við mjög bjartsýn á



Amor ásamt Bobby

framhaldið.“

Búðin býður upp á úrval af afskornum blómum, gjafavörum og pottablómum ásamt blómaskreytingum fyrir öll tækifæri. Eystrahorn óskar

Amor og Bobby til hamingju með búðina og hvetur Hornfirðinga til að kíkja skoða úrvalið hjá Amor



Margt fallegt og nýtsamlegt fyrir fermingarbarnið
Rúm, rúmgaflar, náttborð, rúmföt, lampar, vekjaraklukkur, útvörp speglar ofl í herbergið
Útivist: tjald, svefnpoki, bakpoki og fl.
Vinsæli hífylailmurinn Black Vanilla, sem lengi hefur verið beðið eftir er kominn í hús.
Óskum Hornfirðingum og öðrum landsmönnum gleðilegra páska

Opið virka daga frá kl. 13:00-18:00

Símar: 478-2535 / 898-3664

**Athugið að ekki kemur út blað í næstu viku.
Næsta blað eftir páska kemur út 15. apríl**

BJARNANESPRESTAKALL



Vegna nýrra sóttvarnarreglna verður allt helgihald fellt niður eða lokað.

Boðið verður upp á helgistund á netinu á páskadag.

Nánari upplýsingar á heimasíðunni okkar eða Facebook.

www.bjarnanesprestakall.is



Allar almennar bílaviðgerðir
Framrúðuskipti fyrir öll tryggingafélög
Smurþjónusta og þjónustuskoðanir

Þjónustuaðili fyrir

Heklu
Bílabúð Benna
BL
Öskju
Brimborg

Fagmennska í fyrirrúmi.
Sími: 478-2041

BÆJARMÁLAFUNDUR

Sjálfstæðisfélagið auglýsir bæjarmálafund laugardaginn 10. apríl kl. 11:00 í Sjallanum. Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir og kaffi á könnunni.

Stjórnin

D



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933
Útgefandi:..... HLS ehf.

Rítstjóri og
ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson
Netfang:tjorvi@eystrahorn.is
Prófarkalestur: Guðlaug Hestnes
Umbrot:Tjörvi Óskarsson
Prentun:Litlaprent
ISSN 1670-4126

Styrktaráskrift

Viltu styðja við útgáfu
Eystrahorns?

Kynntu þér málið á:

[www.eystrahorn.is/
styrktaraskrift/](http://www.eystrahorn.is/styrktaraskrift/)

Eystrahorn

FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA



Áður auglýstum **AÐALFUNDI**

Félags eldri Hornfirðinga sem vera átti 8. apríl er frestað um óákveðinn tíma vegna hertra covid-19 sóttvarnarreglna



Þakkir

Við þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður minnar, tengdamóður, ömmu og langömmu

**Lovísu Hönnu
Gunnarsdóttur
Frá Dilksnesi**



Sem lést 18. mars á hjúkrunarheimilinu Skjólgarði. Útförin fór fram frá Hafnarkirkju 27. mars sl.

Starfsfólki Skjólgarðs þökkum við sérstaklega fyrir umönnun og alúð.

*Gunnar Þór Þórarnarson - Guðný Björg Jensdóttir
Lovísa Þóra Gunnarsdóttir - Finnur Eiríksson
Eyþór Jens Gunnarsson
Sævar Þór, Dagmar Hekla & Kolbrún Katla*

Húsnæði óskast

Fjölskylda óskar eftir 4-5 herbergja íbúð eða húsi til leigu sem fyrst.
Skilvísun greiðslum heitið.

Hafsteinn Ísaksen

Farsími: 760-3720

hafsteinn.isaksen@gmail.com

Múrfeðgar

Tökum að okkur fræslingu fyrir gólfhitalagnir



Fræsling: 5.700 kr. m² m/vsk. Rör innifalin.
Flotun: 1.430 kr. m² m/vsk. Án efnis.

Hafið samband

Ingvar S: 863-7745 &

Snæbjörn S: 867-2882

Nýr rekstraraðili Skjólgarðs



Kæru íbúar Hornafjarðar

Eins og flestir vita tók Vigdísarholt ehf. að sér rekstur hjúkrunarheimilisins Skjólgarðs frá og með 1. mars síðastliðnum. Þar eð við tilheyrum ekki lengur Sveitarfélaginu Hornafirði þá fáum við ný símanúmer, ný netföng og nýja heimasíðu.

Ný símanúmer Skjólgarðs munu taka gildi frá og með 6. apríl næstkomandi. Á þessum skiptidegi þá mun verða slökkt á símkernu okkar og eingöngu símsvari taka við sem upplýsir um nýju símanúmerin.

Ný símanúmer, vefsíða og netföng eru hér til hliðar.

*Virðingarfyllt,
Guðrún Dadda Ásmundardóttir
Framkvæmdastjóri Skjólgarðs*

Skjólgarður

Víkurbraut 29, 780 Höfn	
Vefsíða:	<i>www.skjolgardur.is</i>
Netfang:	<i>skjolgardur@skjolgardur.is</i>
Deild:	Sími:
Hjúkrunar- og sjúkradeild	855-2300
Hjúkrunarvakt	855-2301
Eldhús	855-2302
Framkvæmdastjóri	855-2303
Skólamötuneyti	855-2304
Hjúkrunarstjóri	855-2305
Dvalarheimili, Víkurbraut 26	860-3783
Húsvörður	861 8452

Hringja í eftirfarandi símanúmer ef málið varðar:

Heimsendur matur	855-2302
Útseldur matur	855-2302
Skólamötuneyti	855-2304



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Sveitarfélagið Hornafjörður
velliðan fyrir alla

Tæming rotþróa í Lóni

Dagana 12.-13. apríl verða rotþrær við heimili og frístundahús í Lóni tæmdar.

Mikilvægt er, svo að hægt sé að tæma rotþrærnar, að aðgengi að þeim sé gott. Ef hlið eru læst, aðgengi lélegt eða rotþrærnar faldar þarf að bæta úr því. Húseigendur eru vinsamlegast beðnir um að hafa samband við Ágúst hjá Hreinsitækni í síma 863-1508, vilji fólk ítarlegri upplýsingar um tæminguna eða koma á framfæri upplýsingar um rotþró við hús.

Um er að ræða fyrsta hluta af skipulagðri tæmingu rötþróa í sveitarfélaginu.

Umhverfisfulltrúi



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Sveitarfélagið Hornafjörður
velliðan fyrir alla

Hreinsunarkvika 19.-23. apríl

Líða fer að árlegri hreinsunarkviku þar sem brotajárn er sótt í dreifbýli sveitarfélagsins.

Íbúar eru hvattir til þess að nýta sér þjónustuna og taka þátt með því að hafa samband við Skúla í Áhaldahúsinu fyrir **föstudaginn 16. apríl kl. 12:00** í síma 895-1473 og óska eftir því að brotajárn verði sótt.

Brotajárn er t.d bílhæ, bárujárn og landbúnaðarvélar.

Í fyrra tókst átakið vel til og söfnuðust um 150 tonn og fór brotajárnið í endurvinnslu.

Vonandi verða viðtökurnar góðar í ár!

Umhverfisfulltrúi



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Ferðafélag Austur-Skaftfellinga

Vegna fjöldatakmárkanna og aðstæðna vegna covid 19 er aðalfundi Ferðafélags Austur-Skaftfellinga sem vera átti 8. apríl í Gömlubúð, frestað um óákveðinn tíma. Ný dagsetning auglýst síðar.



Stjórnin

Húsnæði óskast til leigu



Join Motion Pictures vantar nú eingöngu örfá húsnæði til viðbótar til að ná að hýsa allt starfsfólk nýjustu kvikmyndar Hlyns Pálmasonar sem ber heitið **VOLAÐA LAND**.

Join Motion Pictures og Snowglobe framleiða kvikmyndina en þau stóðu einnig á bak við fyrri mynd Hlyns, HVÍTUR, HVÍTUR DAGUR, sem tekin var upp að hluta til á Hornafirði. Samstarfið við Hornfirðinga var mikils virði fyrir þá mynd og erum við því mjög þakklát.

Volaða land verður að öllu leyti tekin upp á og í kringum Hornafjörð og því mikilvægt að fá leigð í heildina um 50 herbergi til að rúma allt tökuteymið. Tökur eru planaðar næsta sumar yfir júní og júlí mánuð. Það er okkur mikils virði að heyra frá öllum þeim sem geta mögulega leigt okkur húsnæði á tímabilinu, hvort sem það er í heild eða hluta. Skoðum allt, stór hús og lítil, íbúðir og sumarbústaði o.s.frv.

Fyrirspurnum svarað í info@jmp.is og í síma 615-0005



GLUGGAÞVOTTUR KND. SINDRA



VIÐ TÖKUM AÐ OKKUR ÞRIF Á GLUGGUM AÐ UTAN OG ERUM MEÐ RÉTTA BÚNAÐINN TIL AÐ BJARGA ÚTSÝNINU HJÁ ÞÉR!

PANTANIR OG FREKARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA: 618-5944



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Útboð

Sveitarfélagið Hornafjörður, hér eftir nefnt verkkaupi, óskar eftir tilboðum í verkið „**Hafnarbraut/Víkurbraut – hellulögð gatnamót**“ eins og því er lýst í meðfylgjandi útboðsgögnum. Hér er um almennt útboð að ræða og lýtur þeim reglum sem um það gilda. Innfalið í tilboð skal vera allt það sem til þarf að ljúka verkinu eins og þar skilgreint í útboðsgögnum þessum.

Lauslegt yfirlit yfir verkið

Verkið felur í sér lagningu á helluyfirborði á og við gatnamótin Hafnarbraut-Víkurbraut. Helluyfirborðið nær inn á göturnar Hafnarbraut og Víkurbraut samkvæmt teikningum.

Helstu magntölur eru:

- Jötunsteinn gráur 20x10x8 49 m²
- Jötunsteinn hvítur 20x10x8 49 m²
- Hellur á akbraut 20x10x8 764 m²
- Hellur á akbraut miðlina litur 20x10x8 24 m²
- Hellur á gangstétt 30x30x6 585 m²
- Hellur á aðskilnaði gata/gangstétt 20x10x6 30 m²
- Doppuhellur við gangbrautir 30x30 11 m²
- Leiðilínur (hellur) við gangbrautir 30x30 7 m²
- Steyptur kantur á jaðri hellulagnar 84 m.

Verktími

Áætlað er að verk geti hafist 30. júní 2021.

Verkinu skal að fullu lokið 1. október 2021.

Útboðsgögn

Útboðsgögn, dagsett í mars 2021, og bera nafnið: „Hafnarbraut/Víkurbraut – hellulögð gatnamót“ og sundurliðast eftirfarandi:

- Útboðslýsing þessi dagsett í mars 2021.
- Verklýsing áfest útboðslýsingu, dagsett í mars 2021.
- Útboðsteikningar (sjá kafla 0.9 Teikningaskrá).
- Tilboðsblað og tilboðsskrá.
- Íslenskur staðall ÍST-30:2012, 6. gildandi - útgáfa, með þeim frávikum sem tilgreind eru í kafla 0.3.6. Stangist ákvæði ÍST-30:2012 á við ákvæði útboðs- og/eða verklýsingar skulu ákvæði ÍST-30:2012 víkja.
- Lög um framkvæmd útboða, nr. 65/1993.
- Lög um opinber innkaup, nr. 120/2016.
- Aðrir staðlar og gögn sem vísað er til í ofan töldum gögnum.
- Nýjasta útgáfa af ALVERK 95. Verkið skal vinna í samræmi við verklýsingu þessa en þar sem vísað er í ritið ALVERK 95, (Almenn verklýsing fyrir vega- og brúargerð, fyrst útgæfið í Reykjavík í janúar 1995 af Vegagerðinni), skal vinna samkvæmt því.

Útboðsgögn fást afhent rafrænt án endurgjalds frá og með föstudeginum **26. mars 2021, eftir klukkan 13:00** með því að senda tölvupóst á bjorni@hornafjordur.is og óska eftir því að fá send útboðsgögn í verkið „**Hafnarbraut/Víkurbraut – hellulögð gatnamót**“. Þá verður fljótlega sendur hlekkur til baka á þann stað sem hægt verður að sækja gögnin. Vinsamlegast takið fram í viðfangsefni pósts „**Hafnarbraut/Víkurbraut – hellulögð gatnamót**“.

Skil og opnun tilboðs.

Tilboði skal skilað í lokuðu umslagi merktu bjóðanda og með eftirfarandi utanáskrift: „**Hafnarbraut/Víkurbraut – hellulögð gatnamót**“ eigi síðar en **fimmtudaginn 21. apríl 2021 kl. 14:00**. Tilboðum skal skilað á skrifstofu Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Hafnarbraut 27, 780 Sveitarfélaginu Hornafirði og verða þau opnuð samtímis í fundarsal sveitarfélagsins á 3. hæð í viðurvist þeirra bjóðanda sem óska eftir að vera viðstaddir. Geti bjóðandi ekki komið útfylltum útboðsgögnum á opunarstað til opunar, er heimilt að senda undirritað tilboð ásamt fylgigögnum með tölvupósti á netfangið bjorni@hornafjordur.is og skal það hafa borist áður en skilafrestur er runninn út en bjóðandi skal þá jafnframt hafa póstlagt með ábyrgðarpóstsendingu, a.m.k. degi áður en opnun tilboða fer fram, gögn sem fylgja eiga tilboðinu og skal staðfesting þess efnis fylgja með tölvupóstinum. Berist tölvupóstur ekki í tæka tíð fyrir opnun tilboða er það á ábyrgð bjóðanda og telst tilboðið þá ógilt. Askilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum. Tilboð eru bindandi í 5 vikur frá opunardeggi.

Nánari upplýsingar veita:

Björn Imsland, bjorni@hornafjordur.is sími 470-8014 eða 894-8413.

Brynja Dögg Ingólfsdóttir brynja@hornafjordur.is sími 470-8003.